

Innviðaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Sendandi: Innviðaráðuneytið
Dagsetning: 13.03.2023
Málsnúmer: IRN22080112
Bréfalykill: 3.18.1

Efni: Framkvæmd samgöngusáttmála

Ráðuneytinu hefur borist beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um minnisblað um framkvæmd samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, dags. 24. febrúar sl. Er þar sérstaklega óskað upplýsinga um hvort frávik hafi orðið á áætlunum um framkvæmdir, þ.e. forgangsroðun verkefna og kostnað, miðað við þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2020-2024, með síðari breytingum.

Framkvæmdaáætlun samgöngusáttmálans birtist í töflu 8 í þingsályktun um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024, nr. 40/150. Töflunni var ekki breytt við þær breytingar sem gerðar voru á þingsályktuninni ári síðar, sbr. þingsályktun nr. 27/151. Lengri tafla birtist svo í 15 ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034. Þessar töflur eru sambærilegar þeim sem skrifað var undir samhliða undirskrift samgöngusáttmálans í september 2019, bæði hvað varðar kostnað og tíma einstakra framkvæmda.

Ljóst er að forsendur framkvæmdaáætlunar sáttmálans hafa tekið breytingum á þeim tíma sem liðinn er frá undirritun hans. Kostnaðaráætlunir einstakra verkefna hafa hækkað og tímaáætlanir breyst. Breytingar á kostnaðaráætlunum má helst rekja til þess að verðlagsgrunnur sáttmálans (vísitala áætlana Vegagerðarinnar) hefur hækkað um tæp 28% frá undirritun. Til samanburðar hefur vísitala neysliverðs hækkað um tæp 22% og byggingarvísitala um rúm 24% á sama tímabili. Því til viðbótar liggur nú fyrir að upphaflegar kostnaðaráætlunir verkefna hafa í sumum tilfellum verið vanáætlaðar. Nánar hefur verið gerð grein fyrir ástæðum hækkana kostnaðaráætlana auk framgangs einstakra verkefna í gögnum sem þegar hafa borist nefndinni frá Betri samgöngum ohf.

Stærsta einstaka frávikid tengist hugmyndum um Sæbrautarstokk. Sæbrautarstokkur var ekki hluti af þeim verkefnum sem fóru inn í samgöngusáttmálann auk þess sem kostnaðarmat á honum lá ekki fyrir í september 2019. Kostnaðarmat við verkefnið „Sæbraut – Holtavegur Stekkjabakki“ miðaðist við mun minna verkefni. Í kostnaðarmati Borgarlínu var þó gert ráð fyrir brú yfir Sæbraut. Sæbrautarstokkur er mjög mikilvægt verkefni, ekki síst m.t.t. Sundabrautar. Jafnframt er stokkurinn grundvallarforsenda í staðarvali björgunarmiðstöðvar á Kleppsreit.

Unnið hefur verið að því að bæta kostnaðaráætlunir einstakra verkefna og rýna forsendur þeirra, bæði verkefna samgöngusáttmálans og annarra verkefna í samgönguáætlun. Hefur ráðuneytið m.a. unnið í samvinnu við Vegagerðina að umbótaverkefnum á þessu sviði sem leiða eiga til meira öryggis og fyrirsjáanleika í áætlanagerðinni.

Vegna alls framangreinds er það mat ráðuneytisins að tímabært sé að aðilar samgöngusáttmálans rýni hann í sameiningu með það að markmiði að uppfæra tíma- og kostnaðaráætlunir, festa betur niður einstaka forsendur, s.s. mörkun framkvæmda, og yfirfara fjármögnun hans. Má gera ráð fyrir því að niðurstaða þeirra rýni verði formgerð sem viðauki við sáttmálann.